

Starfsábyrgðartrygging bifreiðasala er lögboðin váttrygging sem byggir á lögum um verslunaratvinnu nr. 28/1998 og reglugerð nr. 46/2003 um starfsábyrgðartryggingu bifreiðasala. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Váttryggður er sá bifreiðasali sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegn skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem bifreiðasala, þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni sem rakið verður til starfa hans sjálfs eða starfsmanns hans.

3. gr. Undanskildar áhættur

Váttryggingin tekur ekki til:

- Ábyrgðar sem váttryggður tekur á sig og er víðtækari en almenn bótaskylda hans sem bifreiðasala.
- Líkamstjóns eða skemmda á munum.
- Starfsemi váttryggðs utan Evrópska efnahagsvæðisins eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir þeim reglum sem þar gilda um skaðabótgrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæða.
- Tjóns sem hlýst af bótaskyldri háttsemi váttryggðs eftir að starfsleyfi hans hefur fallið niður eða starfsheimildir hans eru af öðrum ástæðum ekki lengur fyrir hendi.

4. gr. Tímatakörk

Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn váttryggðum sem til stofnast á váttryggingartímanum, án tillits til þess hvenær það atvik varð, sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst gerð þegar hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggðum.
- Að váttryggðum verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis váttryggðs eða starfsmanna hans, eða að bein hættu er á að slíkt tjón verði.

Váttryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem gerð hefur verið á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok váttryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á váttryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan 3 mánaða eftir lok váttryggingarinnar, tekur váttryggingin ekki til slíks tjóns nema váttryggður hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok váttryggingarinnar.

Skaðabótakröfu sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætur félagið ekki, hafi tjón orðið að einhverju leyti eða öllu áður en váttryggingartíminn hófst.

5. gr. Sérákvæði um uppsögn

Váttryggingunni lýkur hafi leyfi váttryggðs til að gegna störfum bifreiðasala verið fellt niður eða hafi hann lagt inn starfsleyfi sitt. Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til átta vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti váttryggða og þeim lögreglustjóra sem veitt hefur starfsleyfið um að váttrygging væri fallin úr gildi nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin fyrir þennan frest.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.